

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 15. maí 2009

Aukin fjölbreytni í atvinnulífinu

Viðskiptaráðs Íslands, FKA—Félag kvenna í atvinnurekstri og Samtök atvinnulífsins telja nauðsynlegt að efla hlut kvenna í stjórnnum íslensks atvinnulífs enda verður íslenska þjóðin að nýta mannauð sinn til fulls. Á næstu fjórum árum munu þessir aðilar hvetja til þess og leggja ríka áherslu á að konum í forystusveit íslensks viðskiptalífs verði fjölgað þannig að hlutfall hvors kyns verði ekki undir 40% í lok árs 2013. Með þessu tekur viðskiptalífið sjálft ábyrgð og forystu í þessu brýna hagsmunamáli.

Skrafað verður undir samstarfssamning þessara aðila í dag kl. 17 í Rúgbrauðsgerðinni (á 3. hæð) um leiðir að þessu marki. Fulltrúar stjórnmalaflokka á Alþingi styðja samninginn og munu jafnframt skrifa undir. Á 10 ára-afmælistálfingi FKA sem hefst í dag kl. 16 í Rúgbrauðsgerðinni mun Creditinfo kynna niðurstöður nýrrar og ítarlegrar rannsóknar á hlutdeild kvenna í íslensku atvinnulífi.

Uppfært upplýsingaskjal á ensku

Upplýsingaskjal á ensku, *The Icelandic Economic Situation*, hefur nú verið uppfært. Skjalið geta aðildarfélagar Viðskiptaráðs notað í samskiptum við erlenda aðila, en þar er að finna upplýsingar um efnahagshrunið, stjórnmaluumhverfið og samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, svo fátt eitt sé nefnt. Skjalið má nálgast [hér](#).

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand héraendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Ný ríkisstjórn hefur tekið til starfa** og lagt fram 100 daga áætlun þar sem ýmsar aðgerðir til handa íslenskum heimilum og fyrirtækjum eru lagaðar til.
- **Áætlað er að leggja fram þingsályktunartillögu um aðild að ESB í sumar** samkvæmt málefnasamningi nýrrar ríkisstjórnar.
- **Velta í dagvöruverslun jókst um 1,1% í apríl** miðað við sama mánuð í fyrra. Þetta er í fyrsta skipti sem aukning er í dagvöruverslun á milli ára síðan um mitt síðasta ár.

- **Íbúðalánasjóður hefur lækkað vexti á útlánum** sínum í kjölfar þriðja útboðs sjóðsins á árinu. Þetta bendir til aukinnar eftirspurnar á fjármagnsmarkaði og það eru góð tíðindi fyrir íslenskt atvinnulíf.
- **Fjármálaráðuneytið spáir hagvexti á næsta ári** samkvæmt nýrri þjóðhagsspá. Reiknað er með skammvinnum samdrætti og að strax á næsta ári verði hjól atvinnulífsins farin að snúast á nýjan leik sem mun skila hagvexti upp á 0,5%.
- **Gengi krónu á aflandsmarkaði nálgast áfram gengið á innlendum markaði.** Þannig er gengi evru komið vel undir 200 krónur á aflandsmarkaði í fyrsta sinn síðan gjaldeyrishöft voru sett á.
- **Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst í apríl** og nemur nú 414 milljörðum. Jafnframt eru horfur á að gjaldeyrisforðinn eflist nokkuð á næstu vikum.
- **Úrvalsísitata Kauphallar Íslands hefur hækkað um rúm 3%** í þessari viku og stendur nú í um 670 stigum.
- **Velta á íslenskum skuldabréfamarkaði hefur aukist gífurlega** undandarið. Þetta bendir til þess að fjárfestar séu í auknum mæli að færa sig úr innlánum yfir í verðbréf. Að sama skapi hefur almenn krafa lækkað mikið undanfarið.
- **Lausum störfum fjölgaði í síðasta mánuði** og hafa ekki verið fleiri síðan 2006. Í dag eru 687 laus störf auglýst hjá vinnumiðlunum og bendir það til þess að spurn sé eftir vinnuafli á Íslandi í dag.
- **Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa jókst á fyrstu tveimur mánuðum ársins**, en það nam tæpum 16 milljörðum í ár samanborið við rúma 12 milljarða á sama tímabili í fyrra.
- **Ísland keppir til úrslita í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** eftir glæsilegan flutning Jóhönnu Guðrúnar í undanúrslitum á þriðjudag. Áfram Ísland!

Góða helgi.